

Stjórnarfundur FEBSEL 06.01 haldinn á Skólabraut 5 kl. 16.00.

Mættir: Kristbjörg, Sigríður, Inga, Stefán, Helgi, Sigurður og Aðalbjörg.

Dagskrá:

1. Fundur í Öldungaráði Seltjarnarnes

Fundur í Öldungaráði Seltjarnarnes verður haldinn mánudaginn 13. janúar n.k. Fulltrúar FebSel í Öldungaráði eru Kristbjörg, Sigríður og Aðalbjörg. Kristbjörg fór yfir fyrri samskipti félagsins við Öldungaráðið allt frá 2020. Umræður sköpuðust um hlutverk og virkni ráðsins. Að mati FebSel hefur Öldungaráð ekki verið nógu virkt og ekkert verið gert með þær tillögur sem félagið hefur lagt til varðandi eldri borgara í gegnum árin.

Rætt um að leita leiða til að auka þátttöku og áhrif félagsins í Öldungaráðinu. Ákveðið að lista upp þau atriði sem FebSel vill leggja áherslu á og leggja fyrir Öldungaráðið þar sem m.a. verður óskað eftir nánari samvinnu og samfeldari upplýsingamiðlun/-flæði á milli aðila.

2. Landsamband eldri borgara

Fundur Landsambands eldri borgara var haldinn þann 11. desember s.l. á netinu. Framvegis verður fundað x1 í mánuði. Rætt um að halda málþing um Öldrunarráðin og að það þurfi að gera lagabreytingar varðandi hlutverk þeirra.

3. Opinn fundur á vegum FebSel

Rætt um að halda opinn fund í mars. Eftir er að ákveða efni fundarins og finna fyrirlesara.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari.